



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Ísafjarðarbær
b/t Axel Rodriguez Överby

Hafnarstræti 10
400 Ísafjörður

25. september 2017
MÍ201709-0082/ 5.02 / E.Í.

Frístundahúsabyggð F25, Dýrafirði.

Með bréfi dagsett 25.09. 2017 óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu „Frístundahúsabyggð F25, Dýrafirði“. Rétthafinn/leigutakinn er Valdisól ehf.

Sé til fornleifaskráning fyrir svæðið er rétt að varpa fornleifunum inn á skipulags uppdráttinn og senda hann svo aftur til Minjastofnunar til umsagnar. Sé ekki til fornleifaskráning skal rétthafinn/leigutakinn láta skrá minjar (af fagaðilum) á deiliskipulagsreitnum. Að skráningu lokinni skal fornleifunum varpað inn á deiliskipulagasuppdráttinn og hann sendur til Minjastofnunar, ásamt fornleifaskýrslunni, til frekari umsagnar.

Rétt er að vekja athygli á 22. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið“. Friðlýstar fornleifar njóta 100 metra friðhelgi.

Virðingarfyllt,

Einar Ísaksson



Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland
Íslands kulturettsstýrsele

Afrit sent: skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, hevf.is

Bolungarvík 22. september 2017

Skipulags- og Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar
Acel Rodriguez Överby
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Umsögn um Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vegna Skipulagslýsingar Frístundabyggð F25 Dýrafirði. Nýtt Deiliskipulag

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið skipulagslýsingu fyrir 6 frístundahús að Söndum Dýrafirði nýtt deiliskipulag.

Skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er meginreglan að koma á sameiginlegu fráveitukerfi í hverfum íbúðahúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf nema því verði ekki við komið.

Með vísun í ofangreinda reglugerð er farið fram á frekari útfærslu fráveitna í deiliskipulagi. Setja skal fyrirhugðaða staðsetningu hreinsimannvirkis inn á skipulagstillöguna.

Ef talin er þörf á að víkja frá meginreglu reglugerðarinnar um sameiginlega fráveitu skal fylgja slíkri tillögu rökstuðningur þess efnis sem tekur m.a. til gæða, getu og skilgreiningu viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Farið er fram á að vatnsvernd verði skilgreind í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 536/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni þarf að skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skulu verndarsvæði taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins. Vatnsvernd þarf að koma fram á aðalskipulagi og eftir atvikum deiliskipulagi.

Með kveðju



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Pálmar Kristmundsson
Brautarhol 4
105 Reykjavík

14. nóvember 2017
MÍ201709-0082/ 5.02 / E.Í.

Dýrafjörður. Frístundahúsabyggð F25.

Með bréfi dagsett 25. 10.2017 óskaði Pálmar Kristmundsson eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir frístundahúsabyggð F25 í Dýrafirði.

Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi þann 07.11.2017 síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Einar Ísaksson



Minjastofnun Íslands
Minjavörður Vestfjarða
www.minjastofnun.is

Afrit sent: Axel Rodriguez Överby, Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík 18. október 2017
UST201709-169/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Dýrafirði

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar er barst 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar, Söndum í Dýrafirði.

Skipulagssvæði

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að reisa frístundahús á svæði sem er merkt F25 - Sandar Dýrafirði, í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.


Náttúruminjar

Ofangreint frístundasvæði er á svæði nr. 311. á náttúruminjaskrá, en allur skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á náttúruminjaskrá. Í skránni segir: „Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsar í Borgarfirði og með henni til sjávar. Fjölbreytt landslag, gróðursælar hliðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.“


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til verndargildis svæðisins sem kemur fram hér að ofan og að allar framkvæmdir verði aðlagðar að umhverfinu og form og litir frístundahúsa verði felld að landi.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar B. Bragason
Teymisstjóri



Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby, skipulagsfulltrúi
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær
MÓTTEKID

02. okt. 2017

Málsnr. 2016-10-0042
Frumrit - skilist til skjalasafns

Reykjavík, 27. september 2017

Tilvísun: 201709072 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags frístundahúsabyggðar F25, Dýrafirði, Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 21. sept. 2017, sent Skipulagsstofnun ofangreinda lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn þann 4. sept. 2017.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir frístundabyggð að Söndum, merkt F25 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Svæðið er vestan við Þingeyri, ofan tengivegar og skv. aðalskipulagi má byggja þar allt að 6 hús. Sjávarmegin við veginn er gert ráð fyrir gámasvæði og möguleika á byggingu fiskhjalla.

Skv. lýsingunni virðist sem byggja eigi gistaðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu. Í lýsingunni kemur fram að næstu skref verða að skilgreina forsendur, afmörkun svæðis, áherslur og markmið o.fl. Stofnunin bendir á þetta eru atriði sem æskilegt er að gera grein fyrir strax á lýsingarstigi. Áætluðu skipulags- og framkvæmdaferli er lýst og í erindi sveitarfélagsins kemur fram til hvaða umsagnaraðila er leitað.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á að ef að nota á þetta svæði fyrir ferðaþjónustu, en ekki frístundabyggð, þá kallar það á breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar.

Þá minnir stofnunin á að við gerð deiliskipulagsins þarf að gæta að ákvæðum skipulagsreglugerðar um fjarlægðir bygginga frá vegum.

Málfríður K. Kristiansen



Ísafjarðarbær
bt. Axels Rodriguez Överby
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður
axelov@isafjordur.is

Dags. 26.9.2017
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-147
0.5

Með erindi dags. 21. september sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands varðandi skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsgerðar í tengslum við byggingu á ótilgreindum fjölda sumarhúsa undir Sandafelli við Dýrafjörð, skammt utan við þéttbýlið á Þingeyri.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofunni hefur áður borist erindi um byggingu frístundahúsa á þessum eða svipuðum stað. Árið 2012 voru uppi hugmyndir um að byggja fjögur frístundahús í svokölluðum Sneiðingum, rétt utan við þéttbýlið á Þingeyri. Eftir athugun á aðstæðum þar var niðurstaðan sú að umrædd hús þyrftu að fara í staðbundið hættumat gagnvart ofanflóðum.

Ofanflóðahætta á þessu svæði er mjög staðbundin. Því verður ekki hægt að kveða upp úr um þörf á staðbundnu hættumati fyrr en nákvæm staðsetning húsanna liggur fyrir. En nauðsynlegt er að fá úr því skorið áður en byggingarleyfi verða gefin út.

Vakin er sérstök athygli á því að gagnvart ofanflóðahættu eiga skilgreiningar á frístundahúsum EKKI við um húsnæði sem leigt er út til ferðamanna. Það telst vera atvinnuhúsnæði og um það gilda aðrar reglur og viðmiðanir en gilda um frístundahús (til einkanota), þar sem viðvera er mun meiri í slíku húsnæði.

Virðingarfyllst,

Árni Snorrason
forstjóri VÍ